

9. gr.

Hreppsnefnd getur gefið gjaldfrest, lækkað eða fellt niður öll gjöld af húsum ellilífeyrisþega eða öryrkja, ef ástæður eru bágar.

Ef um gjaldfrest er að ræða, miðast gatnagerðargjaldið við þá visitölu, sem í gildi er, þegar gjaldið er innheimt.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingar eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkv. reglugerð þessari lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Hreppsnefnd sker úr um ágreining, sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkv. reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut kunna að eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. mars 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um framkvæmd laga nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka til Skútustaðahrepps og Laxár með hólum og kvíslum allt að ósi árinna við Skjálfanda, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin.

2. gr.

Á landssvæði því, er um getur í 1. gr., er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.

Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru einnig óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs.

Heimilur skulu þó framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskæpar á lögþýlum, nema spjöllum valdi á náttúruverðmætum að dómi Náttúruverndarráðs.

Þá eru heimilar, án sérstaks leyfis Náttúruverndarráðs, byggingar samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi Náttúruverndarráð fallist á skipulagsáætlun þá, sem um er að ræða.

3. gr.

Náttúruverndarráð skal starfrækt við Mývatn.

Menntamálaráðuneytið skipar stjórn stöðvarinnar samkvæmt tilnefningum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands,

hreppsnefndar Skútustaðahrepps og Landeigendafélags Laxár og Mývatns og Náttúruverndarráðs, og skal fulltrúi ráðsins vera formaður stjórnarinnar.

Skípa skal jafnmarga menn til vara á sama hátt. Stjórn stöðvarinnar skal skipuð til 3 ára í senn að afloknu Náttúruverndarþingi.

4. gr.

Stjórn stöðvarinnar sér um framkvæmdir og rekstur. Hún er stjórnvöldum til ráðuneytis um allt það, er lýtur að framkvæmd laga nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Stjórnin er Náttúruverndarráði til ráðuneytis um framkvæmd þessara laga. Sérstaklega er varðar rannsóknir. Stjórnin getur falið formanni sínum að láta í té umsögn í einstökum málum fyrir sína hönd. Náttúruverndarráð getur kvatt sér til samráðs og aðstoðar fulltrúa sveitarfélaga svæðisins, samtaka heimamanna og aðra, eftir því sem við á.

Skrifstofa Náttúruverndarráðs annast daglegt skrifstofuhald, þar með fjármál stöðvarinnar.

5. gr.

Verksvið rannsóknastöðvarinnar er rannsóknir á svæði því sem friðlýst er skv. lögum nr. 36/1974 sbr. 2. gr. Stjórn stöðvarinnar skal sjá um að framkvæmdir verði þær rannsóknir, sem eru nauðsynlegur grundvöllur verndunar Mývatns og Laxár. Rannsóknir skulu kostaðar af ríkissjóði sbr. 7. gr. laga nr. 36/1974 nema öðruvísi sé kveðið á sbr. m. a. 12. og 13. gr. hér á eftir.

6. gr.

Stjórn rannsóknastöðvarinnar er heimilt að veita mönnum starfsaðstöðu við stöðina til rannsókna, enda geri þeir stjórninni grein fyrir niðurstöðum sínum.

Hverjum þeim er rannsóknir stundar á svæðinu skal skylt að tilkynna stjórn stöðvarinnar um fyrirhugaðar rannsóknir og um niðurstöður þeirra þegar þær liggja fyrir (sjá ennfremur 21. gr.). Um rannsóknir erlendra manna fer skv. reglugerð nr. 107/1968 um náttúruverndarráð rannsóknir erlendra vísindamanna á Íslandi. Þó skal Rannsóknarráð ríkisins leita umsagnar stjórnar rannsóknastöðvarinnar áður en leyfi er veitt til rannsókna á svæðinu.

7. gr.

Námskeið háskólanema í náttúrufræði við Mývatn og Laxá skulu fara fram í samráði við stjórn rannsóknastöðvarinnar. Stjórnin skal veita aðstöðu til slíks námskeiðahalds að svo miklu leyti sem aðstæður leyfa hverju sinni.

8. gr.

Stjórn rannsóknastöðvarinnar kemur saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Formaður getur boðað aukafundi svo oft sem þurfa þykir. Þá skal skylt að boða fund ef tveir stjórnarmenn óska þess. Stjórnin skiptir með sér verkum í upphafi skipunar- tímabils, að öðru leyti en því sem ákveðið er í lögum.

9. gr.

Stjórnin birtir skrá um rannsóknir og athuganir innan umdæmis stöðvarinnar. Skal hún leitast við að afla og safna saman til varðveislu í húsakynnum sínum þeim gögnum sem skráin tiltekur. Ennfremur skal stjórnin fylgjast með þeim rannsóknum sem í gangi eru hverju sinni og snerta starfssvið stöðvarinnar. Stjórnin getur kvatt sér til ráðuneytis sérfræðinga og trúnaðarmenn eftir því sem nauðsyn krefur og fjárhagur leyfir.

Stjórnin beitir sér fyrir því að niðurstöður rannsókna séu gefnar út og kynntar hlutaðeigandi aðilum. Stjórnin birtir ársskýrslu um störf sín.

10. gr.

Stjórn rannsóknarstöðvarinnar leggur fjárhagsáætlun sína fyrir Náttúruverndarráð í febrúarmánuði ár hvert. Skal þar m. a. gerð rökstudd grein fyrir rannsóknum þeim er stjórnin leggur til að framkvæmdar verði að öllu eða nokkru leyti á kostnað ríkissjóðs. Við gerð árlegra rannsóknáætlana og forgangsróðunar rannsókna ber stjórninni að taka tillit til þarfa náttúruverndar á svæðinu og skal stuðst við heildaráætlun til langs tíma er stjórnin semur og endurskoðar efir því sem ástæða þykir til.

11. gr.

Stjórnin gerir tillögur til Náttúruverndarráðs um ráðningu starfslíðs skv. heimild í 6. gr. laga nr. 36/1974.

12. gr.

Hver sú starfsemi sem rekin er á svæðinu skal kappkosta að halda í lágmarki mengun og öðrum umhverfisáhrifum, sem af viðkomandi starfsemi leiðir. Valdi starfsemi mengun, ofauðgun (eutrofication) eða öðrum neikvæðum áhrifum á umhverfið skal skylt að koma í veg fyrir það og bæta orðinn skaða svo sem kostur er. Náttúruverndarráð setur, að fenginni umsögn stjórnar rannsóknastöðvarinnar fyrir-mæli um úrbætur og getur m. a. sett ákvæðinn frest þar til. Sé þeim fyrir-mælum eigi hlýtt getur Náttúruverndarráð krafist atbeina lögreglustjóra til stöðvunar viðkomandi starfsemi.

Menntamálaráðuneytið getur að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðuneytið sett reglugerð um varnir gegn mengun á svæði því sem lögin taka til. að fengnum tillögum Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Náttúruverndarráðs, telji þessar stofnanir þörf á að sett verði ítarlegri ákvæði en fyrir eru í almennum reglugerðum. Slíkar reglur mega kveða á um staðla, sm takmarka notkun skaðlegra efna, er byggjast á bestu fánlegum upplýsingum og rannsóknum.

Náttúruverndarráð getur látið fara fram rannsóknir á umhverfisáhrifum af hverri beirri starfsemi sem rekin er á svæðinu, enda leiki grunur á að starfsemi valdi mengun eða öðrum neikvæðum umhverfisáhrifum. Stjórn stöðvarinnar skal hafa yfirumsiön með slíkum rannsóknum. Skulu þær heinast að því að úrskurða hvort um skaðsemi er að ræða og hvernig koma meg í veg fyrir hana. Leiði rannsókn í ljós skaðsemi, skal viðkomandi skylt að hlíta þeim kröfum, sem gerðar verða um varnir gegn skaðlegum áhrifum, og skal hann bera kostnað af þeim, þ. á m. undan-gengnum rannsóknum.

13. gr.

Hver sú starfsemi, sem fyrirhuguð er á svæðinu en ekki hafin og leitt getur til þess að land breyti verulega um svið, að náttúruminjum verði spiltt, að framkvæmd leiði til mengunar eða til sérstakra spjalla á gróðri, er óheimil nema að fengnu leyfi Náttúruverndarráðs sbr. 2. gr. hár að framan. Áður en Náttúruverndarráð veitir slíkt leyfi skal leitað álits stjórnar rannsóknastöðvarinnar. Skulu stjórninni afhent öll þau gögn sem hún telur sig þurfa í málinu, og getur hún þá tiltekið rannsóknir eða fyrirbyggjandi aðgerðir.

14. gr.

Náttúruverndarráð lætur gera uppdrátt af hinu friðlýsta svæði, þar sem mörkuð eru helstu landsvæði og staðir, sem eigi má raska eða eru viðkvæm fyrir truflunum. Ennfremur svæði, þar sem sérstakar takmarkanir gilda. Uppdrátt þennan skal endurskoða svo oft sem þurfa þykir.

Náttúruverndarráð getur, ef sérstök ástæða bykir, friðlýst einstakar náttúru-minjar eða staði, svo og dýra- eða plöntutegundir á svæðinu öllu eða hluta þess. Skal þá farið eftir ákvæðum laga nr. 47/1971.

Ráðið getur ennfremur takmarkað umferð á svæðum, svo sem varplöndum, stöðuvötnum og straumvötnum, eða hluta þeirra, til verndunar fuglalífi, eða ef aðrar knýjandi ástæður eru til.

15. gr.

Allar byggingar á hinu friðlýsta svæði (aðrar en þær sem um getur í 3. mgr. 2. gr. hér að framan), skulu gerðar í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt, sem Náttúruverndarráð hefur áður fallist á.

Þar til skipulagsuppdráttur hefur verið gerður getur skipulagsstjórn að fengnum meðmælum sveitarstjórnar og með samþykki Náttúruverndarráðs leyft einstakar byggingaframkvæmdir, sem um kann að verða sótt, enda samrýmist þær væntanlegu skipulagi.

16. gr.

Ábúendur lögbýla skulu, áður en ráðist er í meiriháttar framkvæmdir (sem ekki eru háðar ákv. 15. gr. sbr. 2. gr. hér að framan), s. s. nýbyggingar, framræslu, uppgræðslu eða aðra ræktun, tilkynna Náttúruverndarráði um fyrirætlun sína með nægum fyrirvara. Skal ráðið, svo fljótt sem unnt er, leggja mat á hina fyrirhuguðu framkvæmd.

Um gróðurvernd fer að öðru leyti en að ofan greinir eftir ákvæðum laga nr. 17/1965 um landgræðslu og 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o. fl.

17. gr.

Sumarbústaðir, önnur frístundahús og hvers konar mannvirki sem þeim fylgja, eru óheimil (a) innan 200 m frá hökkum stöðuvatna og straumvatna (b) á eyjum (c) á svæðum sem Náttúruverndarráð tilgreinir á uppdrætti sbr. 14. gr.

Náttúruverndarráð getur veitt undanþágur frá ofangreindum ákvæðum að því er tekur til mannvirkja sem fyrirhuguð eru við bæi, mannvirkja veiðifélaga og almennrar aðstöðu ferðamanna.

Að öðru leyti fer um frístundahús eftir ákvæðum 2. gr. hér að framan, reglugerðar nr. 205/1973 um náttúruvernd og heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972.

Þar til uppdráttur sbr. 14. gr. hefur verið staðfestur eru byggingar sumarbústaða, annarra frístundahúsa og hverskonar mannvirkja, sem þeim fylgja, óheimilar á því svæði, sem um getur í 1. gr.

18. gr.

Náttúruverndarráð lætur gera jarðfræðikönnun á hinu friðlýsta svæði í þeim tilgangi (1) að afmarka svæði sem friða ber fyrir raski, (2) að finna nýtanleg jarðefni og meta þau og (3) að ákvarða hvar leyfa skuli efnistöku.

19. gr.

Almenningi er frjálts för um hið friðlýsta svæði, eftir því sem lög leyfa, en með þeim takmörkunum, sem settar kunna að verða, sbr. 14. gr., og Náttúruverndarráð auglýsir.

Í byggð er ferðamönnum heimilt að hafa tjöld og hjólhýsi á svæðum, sem til þess eru ætluð og merkt, en utan þeirra aðeins með sérstöku leyfi. Heimilt er að takmarka dvöl ferðamanna á þennan hátt á öðrum svæðum, ef þörf gerist og skal það þá fært á uppdrátt þann er um getur í 14. gr. og auglýsa sérstaklega.

20. gr.

Notkun vélknúinna bátana er heimil á Mývatni og öðrum stöðuvötnum á svæðinu, en þó aðeins í þágu atvinnurekstrar eða annarrar starfsemi sem nauðsynleg telst að mati Náttúruverndarráðs. Hraðbátar skulu þó óheimilir og getur ráðið úrskurðað ákveðin hraða- og hávaðamörk, ef nauðsyn krefur. Á Laxá er notkun vélbátana bönnuð.

21. gr.

Þeir sem hyggjast stunda náttúruathuganir, svo sem lögmæta söfnun náttúrugripa, fuglaljósmyndun úr felutjöldum, fuglamerkingar, svo og aðrar hliðstæðar athuganir, sem vafi getur leikið á að falli undir ákvæði 6. gr., skulu gera eftirlitsmanni eða oddvita (sveitarstjóra) viðvart.

22. gr.

Um brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar fer að ákvæðum 8. laga nr. 36/1974.

23. gr.

Að öðru leyti fer um varndun Laxár- og Mývatnssvæðisins samkvæmt lögum og reglugerð um náttúruvernd.

Náttúruverndarráð hefur með höndum framkvæmdir á náttúruverndarmálum undir yfirstjórn Menntamálaráðuneytisins.

24. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. ákvæðum í 3., 4. og 5. gr. laga nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 9. mars 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ**fyrir Vatnsveitu Vopnafjarðarhrepps.**

1. gr.

Vatnsveita Vopnafjarðarhrepps er eign Vopnafjarðarhrepps. Heimili hennar og varnarþing er á Vopnafirði.

2. gr.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fer með yfirstjórn vatnsveitunnar og ber ábyrgð á skuldbindingum hennar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast daglegan rekstur hennar og framkvæmdir, en heimilt er, að ráða sérstakan vatnsveitustjóra, eða umsjónarmann, til að sjá um eftirlit eða framkvæmdir við vatnsveituna, ef þess gerist þörf.

3. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, en skrifstofa hreppsins annast allt reikningshald. Reikningarnir skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar sveitar-sjóðs og fylgja þeim ár hvert.

4. gr.

Vopnafjarðarhreppur hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

5. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupþúnið, sem þörf krefur og fært þykir, svo húseigendur eigi aðgang að þeim við veg, götu eða opin svæði, sem hús þeirra liggja að.